

# BASAR Í KRINGLUNNI

## laugardaginn 12. nóvember nk.

Félag nýrnasjúkra heldur basar í Kringlunni laugardaginn 12. nóvember nk. eins og áður hefur verið auglýst.

Þar verður allt mögulegt til sölu svo sem handavinna félagsmanna og gómsætt bakkelsi. Einnig verður starf félagsins kynnt.

Enn er tækifæri til þess að leggja félaginu lið þennan dag og biðjum við þá sem eiga þess kost að slá á þráðinn í síma félagsins 561-9244 eða senda tölvupóst á [nyra@nyra.is](mailto:nyra@nyra.is)

*Stjórnin*

### NÝRAGJAFAR – NÝRAGJAFAR !

Hápunkturinn í glæsilegu afmælishófi félagsins var þegar stórum hópi nýragjafa var veitt viðurkenning með korti og barmmarki. Þetta voru nýragjafar sem hafa gefið nýra síðan ígræðslur hófust á Íslandi.

Markmiðið er að allir íslenskir nýragjafar fái slíka viðurkenningu og því er þeirri bón beint til nýragjafa sem hafa gefið nýra áður en ígræðslur hófust á Landspítalanum að hafa samband við félagið.

Ábyrgðarmaður: Jórunn Sörensen

# nyrad

## FRÉTTABRÉF

5. tbl. 24. árg. nóvember 2011

### Meðal efnis:

**BASAR OG KYNNING Á FÉLAGINU  
NÝRNASJÚKIR OG LIFRARSJÚKIR – EITT FÉLAG  
LÍNUDANS  
MÁLÞING UM LÍFFÆRÁÍGRÆDSLUR  
NÝRAGJÖFUM VEITT VIÐURKENNING**



Þessi hjón eiga það sameiginlegt að annað hefur gefið hinu nýra og þar með nýtt og betra líf. Nánar er sagt frá afmælinu á heimasíðu félagsins

### Félag nýrnasjúkra

Hátuni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244  
netfang: [nyra@nyra.is](mailto:nyra@nyra.is) – vefsíða: [nyra.is](http://nyra.is)



## Kæru félagar

Sigurður Ólafsson meltingasérfræðingur og sérfræðingur í lifrarlækningum snéri sér til félagsins með það erindi að hópur af sjúklingum hans hefði lýst áhuga á að mynda með sér hóp í samvinnu við Félag nýrnasjúkra og hvort við vildum efna til fundar sem hann myndi síðan boða fólk á. Þetta var auðvitað sjálfsagt og nú þegar hafa verið haldnir tveir fundir með lifrarsjúkum ásamt fulltrúum úr stjórn Félags nýrnasjúkra.

Aðalefni fundanna hefur verið spurningin um hvort lifrarsjúkir stofni sérstakt félag eða hvort Félag nýrnasjúkra verði félag bæði nýrna- og lifrarsjúkra og var yfirgnæfandi meirihluti fundarmanna beggja fundanna á því að seinni kosturinn væri betri.

Málið hefur verið rætt á nokkrum stjórnarfundum og stjórnarmenn einhuga í því að bjóða lifrarsjúka velkomna til samstarfs. Jafnframt var ákveðið að kynna hugmyndina fyrir félagsmönnum.

Það er álit stjórnarinnar að það sé ótvíræður kostur fyrir félagið okkar að fá þennan hóp inn í félagið. Fjöldinn gefur félaginu styrk. Þessir tveir hópar eru saman í félagi bæði í Noregi og í Finnlandi.

Jórunn Sörensen

## MÁLÞING

### UM LÍFFÆRAGJAFIR OG LÍFFÆRAÍGRÆDSLUR

Í undibúningi er málþing um líffæragegjafir og líffæraígræðslur. Málþingið er samstarfs- verkefni Félags nýrnasjúkra, Hjartaheilla og Samtaka lungnasjúklinga.

Talsmaður verkefnisins er Guðmundur Löve framkvæmdastjóri SÍBS.

# L Í N U D A N S

Línudansinn hefst í janúar nk. Drífið ykkur að skrá ykkur í síma félagsins 561-9244 eða á [nyra@nyra.is](mailto:nyra@nyra.is)

## HREYFING ER MARGRA MEINA BÓT

### Tengslahópur nýrnasjúkra og aðstandenda

hefur haldið fundi í hverjum mánuði síðan hann var stofnaður. Mæting á fundina hefur ekki verið mikil en því meira hefur verið óskað eftir einstaklingsviðtölum og viðtölum við fjölskyldur. Því hefur verið ákveðið að hætta með fasta fundi í Reykjavík en leggja áherslu á þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur.

Viðtalsbeiðnir í síma 896-6129.

## munið

### OPIÐ HÚS

á þriðjudögum frá klukkan 17 – 19 á 9. hæð í Hátúni 10b.

Þangað eru allir félagar velkomnir í notalegt spjall sem og þeir sem vilja kynnast starfi félagsins

Það verður ekki OPIÐ HÚS í desember hefst aftur þriðjudaginn 10. janúar 2012